


## Fyrirlesarar á leiðtogahelgi 21.–23. september 2018



### Erla Björg Káradóttir

#### Sjálffskoðun og markmiðasetning


Erlu Björgu er margt til lista lagt. Hún er menntuð sem grunnskólakennari og söngkennari og starfar í dag sem æskulýðsfulltrúi Hafnarfjarðarkirkju og sem markþjálfari. Erla Björg hefur verið mjög virk í starfi KFUM og KFUK frá unga aldri og situr nú í stjórn Ölvers sem formaður sumarbúðanna. Erla elskar ketti og að elda og borða góðan mat. Henni finnst fátt skemmtilegra en að lesa góðar og uppbyggilegar bækur og eiga innihaldsríkar samræður við fólk. Hún leggur sig fram við að brosa sem mest alla daga og horfa björtum og jákvæðum augum á lífið.



### Jón Ómar Gunnarsson

#### Rauði práðurinn í Biblíunni

Séra Jón Ómar er guðfræðingur og prestur í Fella- og Hólakirkju en áður starfaði hann sem skólaprestur Kristilegu skólahreyfingarinnar. Jón Ómar hefur tekið þátt í starfi KFUM og KFUK í mörg ár og situr núna sem formaður stjórnar sumarbúðanna á Hólavatni. Hann hefur verið foringi og forstöðumaður í Vatnaskógi frá árinu 2003 og frá árinu 2015 á Hólavatni en auk þess hefur hann komið að ýmsum verkefnum fyrir KFUM og KFUK. Jón Ómar er mikill húmoristi og sérlegur kaffiáhugamaður en að undanskildu kaffinu þá eru hans helstu áhugamál fjölskyldan, golf, crossfit og skíði.



### Gunnar Hrafn Sveinsson

#### Vinningsliðið

Gunnar Hrafn er æskulýðsfulltrúi hjá KFUM og KFUK. Hann er einnig í B.Ed. námi við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Gunnar Hrafn hefur mikinn áhuga á leiklist og hefur gert garðinn frægan í mörgum uppfærslum Villiandarinnar þar sem leiklistarhæfileikar hans hafa fengið að njóta sín. Hann hefur starfað sem foringi í Vatnaskógi í mörg ár og sem leiðtogi í deildarstarfi félagsins. Gunnar Hrafn er einnig þekktur fyrir að segja bestu framhaldssögur sem sögur fara af.



### Hjördís Rós Jónsdóttir

#### Siðareglur og barnavernd

Hjördís Rós er verkefnastjóri leiðtogapjálfunar KFUM og KFUK. Hún er félagsráðgjafi að mennt og hefur tekið þátt í starfi KFUM og KFUK frá 6 ára aldri þegar hún fór í fyrsta skipti í sumarbúðirnar Ölver. Síðan þá hefur hún kynnt starfi KFUM og KFUK frá mörgum hliðum en starfað sem æskulýðsfulltrúi KFUM og KFUK frá árinu 2011. Hjördís er mikill Friends aðdáandi og hefur gaman að allri útivist og hreyfingu. Gott spilakvöld með fjölskyldu og vinum er í miklu uppáhaldi.



KFUM og KFUK á Íslandi  
Holtavegi 28 Reykjavík  
Sími 588 8899



KFUM KFUK

# Leiðtogapjálfun

## KFUM og KFUK 15–17 ára

Vindáshlíð 21.–23. september 2018

## Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15–17 ára

Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára byggist á tveimur sjálfstæðum helgarnámskeiðum á vetri. Á milli námskeiða fá þátttakendur verklega þjálfun á vettvangi starfsins. Næsta námskeið verður haldið í Vindáshlíð dagana 21.–23. september 2018.

Á námskeiðinu er boðið upp á fræðslu fyrir 15–17 ára ungleiðtoga (fædda 2001–2003). Með leiðtogaþjálfuninni viljum við auka hæfni og efla sjálfstraust. Við viljum hjálpa ungu fólki að vera leiðtogar í eigin lífi og auka getu þeirra til að takast á við þau fjölmörgu tækifæri sem þeim bjóðast. Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK er hugsuð fyrir alla sem hafa áhuga á að starfa sem leiðtogar í æskulýðsstarfi KFUM og KFUK, bæði í sumar- og vetrarstarfi félagsins.

### Hvað lærir maður?

Fræðslunni er skipt upp í fjóra efnisflokka og þess gætt að á hverju námskeiði sé eitthvað kennt úr hverjum flokki.

K = kristin fræðsla

F = félagsmálafræðsla

U = ungmennalýðræði

M = mannrækt

Skráning fer fram á skráningarsíðu KFUM og KFUK, [www.sumarfjor.is](http://www.sumarfjor.is), undir floknum Vetrarstarf KFUM og KFUK. Opið er fyrir skráningu frá 15. ágúst 2018. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu félagsins [www.kfum.is](http://www.kfum.is) eða hjá Hjördísi Rós verkefnastjóra í síma 588-8899 eða á [hjordis@kfum.is](mailto:hjordis@kfum.is).

## Leiðtogaþjálfun I - Dagskrá

### Föstudagur 21. september

13:30	Brottför frá Akureyri
17:30	Brottför frá Holtavegi 28
18:30	Koma sér fyrir í Vindáshlíð
19:00	Kvöldmatur
19:30	Samhristingur og hópefli
20:30	Fræðsla 1 Erla Björg Káradóttir Sjálfskoðun og markmiðasetning - M
22:30	Kvöldhressing
23:00	Frjáls tími
00:30	Arinstund
01:00	Ró

### Laugardagur 22. september

08:30	Ræs
09:00	Morgunmatur
09:30	Fræðsla 2 (fyrrri hluti) Hjördís Rós Jónsdóttir Leikjafjör - U
10:30	Fræðsla 3 Jón Ómar Gunnarsson Rauði þráðurinn - K
12:30	Hádegismatur
13:30	Fræðsla 4 Gunnar Hrafn Sveinsson Vinningsliðið - F

15:00	Kaffi
15:30	Fræðsla 2 (seinni hluti) Hjördís Rós Jónsdóttir Siðareglur og barnavernd - U
17:30	Leikir og létt gaman
19:00	Kvöldmatur
20:00	Kvöldvaka
21:30	Kvöldhressing
22:00	Frjáls tími
00:30	Arinstund
01:00	Ró

### Sunnudagur 23. september

09:30	Ræs
10:00	Morgunverður
10:30	Morgunstund
11:00	Ígrundun
12:00	Hádegismatur
12:30	Frágangur og þrif
13:30	Myndataka og brottför
14:30	Áætluð heimkoma á Holtaveg 28
19:30	Áætluð heimkoma á Akureyri